

15. desember 2021

Hagur veiða og vinnslu 2020

Profitability in fishing and fish processing 2020

Samantekt Hagnaður fyrirtækja í fiskveiðum og vinnslu fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs jókst á milli áráanna 2019 og 2020. Frá árinu 2019 til 2020 hækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 30,6% í 31,9%, í fiskveiðum úr 23,1% árið 2019 í 24,2% af tekjum árið 2020 og í fiskvinnslu úr 15,9% í 16,4%.

Samkvæmt árgreiðsluaðferð nam hreinn hagnaður (EBT) fyrirtækja í fiskveiðum og vinnslu 20,1% árið 2020 samanborið við 19% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 49 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 29 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð nam hagnaðurinn 28 milljörðum króna eða 11,5% af tekjum árið 2020 borið saman við 42 milljarða króna eða 17,4% af tekjum árið 2019.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur af fiskveiðum og útflutningsverðmæti sjávarafurða. Úrvinnsla stofnunarinnar á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabíl og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti þessi nálgun orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu. Þetta er þó ekki einhlýtt þar sem úrtakið nær síður til smærri fyrirtækja eða fyrirtækja sem skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin á niðurstöður eru líklega ekki mikil enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með rúm 93% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.



Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2020 sem er fært upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2014-2020. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 416 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2020 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2019-2020. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí-ágúst fiskveiðiársins 2020 voru veiddar um 11.900 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 556 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2020 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Birt rekstraryfirlit báta >10-30 brúttótonn í töflu 12 og er rekstraryfirlitið dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta >10-200 brúttótonn. Bátar >10-30 brúttótonn eru 189 en bátar >30-200 brúttótonn eru 51. Tafla 11 er ekki birt að þessu sinni þar sem uppsjávarfrystiskip sem frystu meira en 50% af uppsjávarafla voru bara tvö þetta árið en ef skip í úrtaki eru færri en þrjú eru ársreikningar þeirra ekki birtir.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki einar til þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni.

Niðurstöður

*EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu
var 31,9 % af tekjum árið 2020*

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins jókst á milli árunna 2019 og 2020. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 30,6% í 31,9%. Í fiskveiðum óx hlutfallið úr 23,2% árið 2019 í 24,2% árið 2020 og í fiskvinnslu hækkaði hlutfallið úr 15,9% í 16,4%. Í fjárhæðum fór hlutdeildin (EBITDA) í sjávarútvegi alls úr rúmum 74 milljörðum króna árið 2019 í tæpa 79 milljarða króna árið 2020.

*Hagnaður botnfiskveiða nam
13,9% og í botnfiskvinnslu
12,6% af tekjum*

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og vinnslu, reiknaður sem hlutfall af tekjum samkvæmt árgreiðsluáðferð, hækkaði úr 17,6% af tekjum árið 2019 í 18,4% árið 2020. Hreinn hagnaður botnfiskveiða hækkaði úr 11,9% af tekjum í 13,9% en hagnaður botnfiskvinnslu dróst saman úr 13,5% af tekjum í 12,6% á sama tímabili. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og -bræðslu fór úr 14% í 19,2%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 20,1% af tekjum, að fráðregnum milliviðskiptum með hráefni, en var 19% árið 2019. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 49 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 29 milljarðar króna. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að fráðregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Útflutningsverðmæti sjávarútvegs í heild jókst um tæp 3,7% og nam tæpum 270 milljörðum króna á árinu 2020. Verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 9,1% en magn útfluttra sjávarafurða dróst saman um 5%. Hlutfall olíukostnaðar af tekjum í veiðum lækkaði úr 8,1% árið 2019 í 7,3% árið 2020. Gengi USD veiktist um 10,3% og gengi EUR um 12,5% á milli ára. Heildarálagning veiðigjalds útgerðarinnar lækkaði úr 7,1 milljarði króna fiskveiðiárið 2018/2019 í 5,2 milljarða króna fiskveiðiárið 2019/2020. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði. Ný lög um veiðigjöld tóku gildi í ársbyrjun 2019.

EBITDA uppsjávarveiðiskipa var 26,1% af tekjum og mjöl- og lýsisvinnslu 24,7%

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu á árinu 2020. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 24,7% og EBITDA uppsjávarveiðiskipa 26,1%. Ferskfiskvinnsla jókst um rúm 6% að verðmæti, verg hlutdeild fjármagns var 14,9% og hreinn hagnaður 10,6%.

EBITDA strandveiða var 14,9% og smábáta í heild 18,4%

Afkoma smábáta batnaði frá árinu 2019. Alls voru 774 smábátar að veiðum og öfluðu rúmlega 20 þúsund tonna að verðmæti rúmlega 5,4 milljarða króna. Af þessum 774 smábátum voru 556 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, við strandveiðar á árinu 2020. Afli þeirra var um 11.900 tonn og aflaverðmætið tæplega 3,2 milljarður króna. EBITDA smábáta í heild var 18,4% og þar af vegna strandveiðanna 14,9%. EBITDA báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 23,4%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Munur er á afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2020, þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 20% skv. árgreiðsluaðferðinni en var 11,5% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og er hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er gjaldfærsla fólgin í árgreiðsluaðferðinni sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna, hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Taka skal fram að óreglulegar tekjur og gjöld hafa í gegnum tíðina ekki verið tekin með inn í hagnað eða tap fyrirtækjanna fyrir tekjuskatt enda þótt það ætti skv. skattalegum reglum að gera það. Þar sem ársreikningar í úrtaki eru uppfærðir til heildar getur uppfærslan orðið misvísandi.

Hjá strandveiðibátum og einnig smábátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

EBITDA báta 11-30 bt var 17,8% og báta >30-200 bt 19,7%

Úr flokknum bátar >10-200 bt. var tekið úrtak báta >10-30 bt. Alls 189 bátar reyndust vera >10-30 bt. og 51 bátur >30-200 bt. Í flokknum alls var EBITDA 18,4% eða 4,8 milljarðar króna. Bátar >10-30 bt voru með 17,8% EBITDA eða tæpa 3,2 milljarða króna og bátar yfir 30 tonnum voru með 19,7 % EBITDA eða 1,6 milljarða króna. Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2020 og er hún innifalin í heildarstærðum frystingar og rækjuvinnslu í töflu 3.

Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2019 var tæpir 333 milljarðar, eignir 830 milljarðar og skuldir 496 milljarðar

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2020 tæpir 830 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 496 milljarðar króna og eigið fé rúmir 333 milljarðar króna. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli fastafjármuna og eiginfjár vegna mats á hlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja en þær námu tæpum 39 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 6,4% frá 2019 og fjárfestingar í varanlegum eignum hækkuðu um 3,9%. Skuldir hækkuðu um 15,3%. Eiginfjárhlutfallið reyndist 45,3% í árslok 2019 en var 40,2% í árslok 2020. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárhlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2019 og 2020.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

English summary

Statistics Iceland has compiled and analysed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2020 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic species and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing in total increased between 2019 and 2020 or from 19% to 20% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before, or from 17.6% of revenue to 18.4%. Net profit of fishing of demersal species increased from 11.9% to 13.9% and net profit of processing of demersal species decreased from 13.5% to 12.6%. There was also an increase in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 14% to 19.2%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are 830 billion ISK, liabilities are worth of 496 billion ISK and equity 333 billion ISK.

Comparable time series for previous years are available on the website of Statistics Iceland, www.statice.is.

Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluaðferð og 6% ávöxtun

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum Percent of revenue		2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
1.	Sjávarútvegur í heild^{1, 2} Fishing and fish processing, total^{1, 2}	14,6	17,8	14,3	7,1	12,2	19,0	20,1
1.1	Veiðar og vinnsla botnfisks² Fishing and fish processing of demersal species²	18,5	21,2	18,4	9,4	13,9	17,6	18,4
1.1.1	Botnfiskveiðar Fishing of demersal species	12,8	18,2	14,0	3,9	6,4	11,9	13,9
	Bátar Boats	12,7	19,5	12,8	3,1	2,5	13,7	12,9
	Togarar Trawlers	11,2	22,4	15,3	2,4	2,3	9,1	12,2
	Frystiskip Freezing vessels	13,6	14,1	15,0	6,0	14,7	15,5	19,0
1.1.2	Botnfiskvinnsla Processing of demersal species	13,2	10,3	10,1	9,1	12,6	13,5	12,6
	Frysting Freezing	17,6	14,5	13,9	12,8	13,7	15,8	13,9
	Söltun Salting	3,3	1,6	1,5	-0,3	10,1	8,2	9,8
1.2	Veiðar og vinnsla rækju² Fishing and processing of shrimp²	-	-	-	-	-	-	-
1.3	Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla² Fishing and processing of pelagic fish²	5,6	15,6	12,4	3,7	7,6	14,0	19,2

¹ Hér eru talðar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.

² Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. The income exclude transactions of raw material between enterprises.

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2020

Table 2. Operating accounts of fishing 2020

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than Total</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- Togarar <i>Freezer Trawlers</i>	
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	156.598	5.930	26.103	25.161	22.450	38.860	38.094
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	44.423	14	276	756	1.192	5.571	36.614
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	103.919	5.378	25.082	23.396	20.324	29.053	685
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	8.256	537	745	1.009	934	4.236	795
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	118.681	4.824	21.300	19.465	16.581	28.489	28.021
2.1- Aflahlutir og önnur laun	39.253	1.077	6.143	5.931	5.161	9.211	11.729
2.2 <i>Fishermen's shares and other wages</i>	5.504	100	1.607	1.641	205	1.416	535
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	9.023	148	1.274	1.519	1.078	2.167	2.838
2.4 Olíur <i>Oil</i>	11.401	305	1.717	1.655	2.328	2.557	2.838
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	6.449	86	1.002	493	2.479	1.367	1.023
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	9.672	460	1.255	1.694	1.609	2.198	2.456
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	835	–	–	–	–	–	835
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.548	212	281	305	19	250	481
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	898	2	84	215	177	144	277
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	1.630	239	519	332	284	135	121
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.572	166	241	232	207	374	352
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	2.317	1	198	190	267	1.370	291
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	3.099	29	257	592	298	1.132	791
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	25.480	1.999	6.724	4.665	2.468	6.167	3.455
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.) <i>Share of capital, gross</i>	37.917	1.105	4.803	5.696	5.869	10.371	10.073
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	24,2	18,6	18,4	22,6	26,1	26,7	26,4
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.539	392	1.029	951	2.027	1.869	1.271
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	17.000	344	5.334	2.434	1.507	3.814	3.567
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit</i> (6.=3.-4.-5.)	13.378	369	-1.560	2.312	2.335	4.687	5.235
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	8,5	6,2	-6,0	9,2	10,4	12,1	13,7
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	18.598	973	1.037	2.353	5.777	5.611	2.846
8. Hreinn hagnaður <i>Profit</i> (8.=3.-7.)	19.319	132	3.766	3.343	92	4.760	7.227
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	12,3	2,2	14,4	13,3	0,4	12,2	19,0

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2020 (frh.)
Table 2. Operating accounts of fishing 2020 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>						
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.126	774	240	47	17	32
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	752	6	31	436	2.635	1.093
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	33	9	14	36	75	49
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	1.289	134	278	625	4.586	1.378
Meðalsmíðaaár <i>Fleet – building year</i>	1993	1988	1995	1986	2003	1999
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	155.826	8.154	8.686	19.716	48.405	47.015
Afli (þúsund tonn) <i>Volume (thousand tonnes)</i>	1.021,0	20,3	96,9	104,0	503,0	161,2
Þorskur <i>Cod</i>	277,6	15,0	63,6	63,3	0,0	96,4
Ýsa <i>Haddock</i>	54,2	0,5	15,4	11,9	0,0	17,3
Ufsi <i>Saithe</i>	50,4	1,4	1,8	7,7	0,0	20,6
Karfi <i>Redfish</i>	51,9	0,2	0,7	5,6	0,0	20,0
Humar <i>Lobster</i>	0,2	–	0,0	0,1	–	0,1
Rækja <i>Shrimp</i>	3,1	–	0,9	0,5	–	1,8
Síld <i>Herring</i>	35,9	–	–	–	31,4	0,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	98,3	–	–	–	93,5	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	243,7	–	–	–	232,2	0,0
Makrill	151,5	0,0	0,0	–	144,8	–
Annað <i>Other</i>	54,1	3,1	14,4	14,9	1,1	5,0
Verðmæti (milljónir kr.) <i>Value (million ISK)</i>	148.341	5.392	25.358	24.152	21.516	34.624
Þorskur <i>Cod</i>	75.870	4.413	18.040	16.428	–	22.320
Ýsa <i>Haddock</i>	13.259	137	4.027	2.413	0	3.690
Ufsi <i>Saithe</i>	7.651	117	192	862	–	2.509
Karfi <i>Redfish</i>	12.176	43	178	1.031	1	4.419
Humar <i>Lobster</i>	206	–	9	136	–	61
Rækja <i>Shrimp</i>	885	–	228	124	–	533
Síld <i>Herring</i>	1.752	–	–	–	1.405	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	5.053	–	–	–	4.485	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	7.038	–	–	–	6.675	–
Makrill <i>Mackerel</i>	9.960	–	1	–	8.918	–
Annað <i>Other</i>	14.492	683	2.683	3.157	31	1.092

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeildar sem eru með í úrtakinu eru 56% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 98% af tekjum báta 10–200 brúttótonnu, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 83% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 100% af tekjum ísfisktogara og 98% af tekjum frystitogara sem gerir um 90% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 56%; boats 10–200 GRT 98%; boats over 200 GRT 66%; pelagic vessels 83%; fresh fish trawlers 100% and freezer trawlers 98% or 90% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2020

Table 3. Operating accounts of fish processing 2020

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals <i>Total</i>	Frysting og rækjuvinnsla <i>Freezing and shrimp prod.</i>	Söltun og hersla <i>Salting and drying</i>	Mjöl- vinnsla <i>Fish meal and fishoil</i>	Ferskfisk vinnsla <i>Fresh fish processing</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	249.233	95.709	40.402	31.316	81.806
1.1 Útflutningstekjur <i>Export production</i>	202.270	78.561	37.584	28.993	57.132
1.2. Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	41.683	15.785	2.220	315	23.363
1.3. Seldur afli - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	3.610	426	218	1.822	1.144
1.4. Aðrar tekjur <i>Other income</i>	1.670	938	380	186	167
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	162.042	61.389	28.811	20.064	51.779
2.1. Hráefni <i>Raw fish</i>	124.416	46.782	21.977	14.851	40.806
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	3.393	935	459	1.389	611
2.3 Olíur <i>Oil</i>	417	98	4	201	114
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	430	196	72	102	61
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	8.035	3.388	1.317	386	2.945
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	4.462	1.346	837	763	1.516
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	7.063	2.877	768	1.389	2.029
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	13.826	5.767	3.379	983	3.698
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	87.191	34.320	11.591	11.252	30.028
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	36.909	15.194	6.369	2.805	12.541
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	9.473	3.072	390	720	5.293
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	40.809	16.055	4.832	7.727	12.194
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	16,4	16,8	12,0	24,7	14,9
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.696	3.069	732	1.451	2.444
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	33.112	12.986	4.100	6.276	9.750
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	18.224	6.896	3.721	2.999	4.608
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	14.889	6.090	379	3.277	5.143
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	6,0	6,4	0,9	10,5	6,3
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	10.758	4.303	1.046	1.924	3.484
12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i>	30.051	11.752	3.786	5.803	8.710
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	12,1	12,3	9,4	18,5	10,6

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af 100% af útflutningi landfrysts botnfisks, 69% af útflutningi botnfisksöltunar, 100% af útflutningi mjölvinnslu og 51% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 96% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, sildarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 100%; Salted fish 69%; fish meal and oil 100%; fresh fish export 51%. or 96% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.*

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2014–2020*Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2014-2020*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	107.147,8	105.723	118.707	104.865	108.069	111.747	113.353
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	28.776	28.880	29.264	32.129	26.035	43.335	37.080
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	41.432	38.902	40.556	35.619	44.073	37.928	42.246
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	27.891	33.017	32.271	31.257	30.507	29.991	33.805
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	9.048	4.924	16.616	5.860	7.454	492	223
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	466.844	487.010	502.651	538.795	601.033	674.175	716.365
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	81.030	78.157	85.169	104.595	120.003	123.270	135.266
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	137.085	154.803	160.957	172.025	166.016	196.536	324.282
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	248.729	254.050	256.525	262.175	315.015	354.369	256.817
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	573.992	592.733	621.358	643.660	709.102	785.922	829.718
4. Skuldir <i>Debts</i>	388.566	371.290	359.370	374.921	412.264	430.166	496.221
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	129.816	105.657	109.389	85.635	101.790	88.198	118.203
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	258.750	265.633	249.980	289.286	310.474	341.969	378.018
5. Eigið fé <i>Equity</i>	185.425	221.443	261.989	268.739	296.838	355.756	333.497
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	0,83	1,00	1,09	1,22	1,06	1,27	0,96
7. Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	32,3	37,4	42,2	41,8	41,9	45,3	40,2

Skýringar Notes: Upplýsingar um efnahagsyfirlit eru notaðar svo til óbreyttar frá RSK árin 2013–2018. Árið 2019–2020 er úrtak Hagstofunnar notað og blásið upp til heildar með heildartekjum í sjávarútvegi alls. Tilfærslur upp á tæpa 39 milljarða verða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum árið 2020. Mostly unadjusted balance sheet from RSK 2013–2018. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities. In 2019-2020 a sample is gathered by Statistics Iceland and expanded to full capacity of the fisheries industry. Nearly 39 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2020*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2020*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	39	100	1922
< 0%	6	9,1	1.140
0 - 5%	8	6,6	617
5 - 10%	6	9,8	1.219
10 - 15%	6	23,8	2.978
15 - 20%	3	6,0	1.492
20 - 25%	2	11,6	4.362
> 25%	8	33,1	3.101

Skýringar Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2020. *Establishments freezing demersal species in 2020.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2020*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2020*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	27	100,0	938
< -5%	6	14,1	595
-5 - 0%	—	—	—
0 - 5%	5	21,8	1.105
5 - 10%	6	23,4	986
10 - 15%	3	3,1	258
15 - 20%	2	17,3	2.196
20 - 25%	2	7,8	988,8
> 25%	3	12,5	1.054

Skýringar Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2020. *Establishments salting demersal species in 2020.*

Tafla 7. Dreifing afkomu 419 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2020*Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 419 enterprises in the sample 2020*

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki <i>Share of sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð <i>Share of fishing in total revenue, %</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum <i>Gross share of capital as a perc. of revenue</i>	Eiginfjár- hlutfall <i>Equity ratio</i>
Alls Total	416	100,0	701	43,8	12,0	19,9	43,3
< -10	110	0,6	15	65,5	0,0	-29,6	14,8
-10– -5	21	0,5	72	47,9	0,0	-3,5	-3,8
-5–0	28	1,9	202	37,3	0,0	1,0	12,7
0–5	42	5,2	358	16,1	0,0	5,1	17,1
5–10	45	17,8	1.152	36,3	15,8	10,0	32,8
10–15	45	11,1	717	39,9	13,0	16,6	38,0
15–20	42	35,2	2.442	46,6	13,1	21,9	49,7
20–25	29	17,5	1.755	41,5	6,5	27,5	42,5
>25	54	10,3	555	69,1	19,6	36,4	45,0

Skýringar Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2019–2020*Table 8. Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2019–2020*

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2020				
Alls Total	416	43,3	100,0	100,0
< -100	50	-296,4	0,0	0,3
-75– -100	10	-96,3	0,0	0,4
-50– -75	20	-59,3	0,1	0,2
-25– -50	18	-33,7	0,2	0,3
0– -25	100	9,9	8,2	11,3
0–25	78	36,2	55,3	53,2
25–50	73	57,1	29,3	26,2
50–75	64	87,0	6,9	8,0
>75	3	100,0	0,0	0,0
<0	198	6,6	8,5	12,6
0>	218	46,7	91,5	87,4
2019				
Alls Total	642	47,3	100,0	100,0
< -100	72	-239,0	0,1	0,4
-75– -100	19	-87,7	0,0	0,6
-50– -75	27	-59,1	0,0	0,2
-25– -50	36	-38,7	0,1	0,2
0– -25	172	14,1	7,6	13,0
0–25	113	38,3	49,7	49,2
25–50	96	56,6	27,2	22,6
50–75	99	78,7	15,3	13,9
>75	8	100,0	0,0	0,0
<0	326	10,1	7,8	14,2
0>	316	50,4	92,2	85,8

Skýringar Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2020

Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2020

Milljónir króna Million ISK	Fiskveiðar Fishing	Fiskvinnsla Fish processing	Sjávarútvegur alls ¹ Fishing industry ¹
1. Tekjur alls Operating revenues	156.598	249.233	246.692
1.1 Útflutningstekjur Export products	44.423	202.270	246.692
1.2 Seldur afli – Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	103.919	45.293	–
1.3 Aðrar tekjur Other income	8.256	1.670	0
2. Aðföng alls Operating expenses	64.002	171.516	86.306
2.1. Hráefni Raw material	–	124.416	-24.796
2.2 Rafmagn Electricity	–	3.810	3.810
2.3 Olíur Oil	11.401	–	11.401
2.4 Tryggingar Insurance	1.572	430	2.003
2.5 Umbúðir Packaging	835	8.035	8.870
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	1.548	4.462	6.010
2.7 Viðhald Maintenance and repair	9.672	7.063	16.735
2.8 Veiðarfæri Fishing gear	6.449	–	6.449
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	32.525	23.300	55.824
3. Vinnsluvirði Value added (3=1.-2.)	92.596	77.717	160.387
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	54.679	36.909	91.588
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	–	–	–
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)			
Share of capital, gross	37.917	40.808	78.725
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	24,2	16,4	31,9
7. Afskriftir Depreciation	7.539	7.696	15.235
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8.=6.-7.)	30.378	33.112	63.490
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	17.000	18.224	35.224
10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)	13.378	14.888	28.266
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	8,5	6,0	11,5
11. Árgreiðsla 6% Imputed cost of capital 6%	18.598	10.758	29.356
12. Hreinn hagnaður Profit (12.=6.-11.)	19.319	30.051	49.370
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	12,3	12,1	20,1

¹ Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2020

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2020

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹ Total Boats less than 10 GRT	Þar af: ² Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 brl. Boats less than 10 GRT
1. Tekjur alls Operating revenues	5.930	3.304	2.626
1.1 Seldur afli Catches	14	–	14
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	5.378	3.194	2.185
1.3 Aðrar tekjur Other income	537	110	427
2. Gjöld alls Operating expenses	4.824	2.812	2.011
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	1.077	457	621
2.2 Önnur laun Other wages	100	52,0	48,2
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	148	93	56
2.4 Olíur Oil	305	211	93
2.5 veiðarfæri Fishing gear	86	65	20
2.6 Viðhald Maintenance and repair	460	334	126
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	212	22	190
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	2	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	239	131	108
2.11 Tryggingar Insurance	166	112	53
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	1	–	1
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	29	–	29
2.14 Önnur gjöld Other expenses	1.999	1.335	664
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	1.105	492	615
Share of capital, gross	18,6	14,9	23,4
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	392	288	104
4. Afskriftir Depreciation	1.076	185	893
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	344	81	263
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	1.057	123	247
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	17,8	3,7	9,4
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.037	687	350
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	132	-195	265
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	2,2	-5,9	10,1

Skýringar Notes: Hér eru talðar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. Rekstraryfirlit 556 strandveiðibáta. Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included. The operating accounts of 556 costal boats

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2020 (frh.)

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2020 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total</i> <i>Boats less than</i> <i>10 GRT</i>	Þar af: ² <i>Strandveiði-</i> <i>siglingar</i> <i>Costal fishing</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than</i> <i>10 GRT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	774	556	218
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	0	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	9	9	9
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	134	127	146
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1988	1987	1981
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	8.154	6.732	1.422
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	20,3	11,9	8,5
Ýsa <i>Haddock</i>	15,0	10,8	4,3
Ýsa <i>Haddock</i>	0,5	0,0	0,5
Ufsi <i>Saithe</i>	1,4	1,0	0,5
Karfi <i>Redfish</i>	0,2	0,1	0,1
Annað <i>Other</i>	3,1	0,0	3,1
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	5.392	3.194	2.199
Ýsa <i>Haddock</i>	4.413	3.097	1.316
Ýsa <i>Haddock</i>	137	6	130
Ufsi <i>Saithe</i>	117	68	49
Karfi <i>Redfish</i>	43	0	43
Annað <i>Other</i>	683	23	661

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 bt. og báta>30-200 bt. 2020

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2020

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹⁾ Bátar >10-200 bt. Total ¹⁾ Boats >10-200 bt.	Bátar >10-30 bt. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 bt. Boats >30-200 GT
1. Tekjur alls Operating revenues	26.103	17.959	8.144
1.1 Seldur afli Catches	276	–	276
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	25.082	17.315	7.768
1.3 Aðrar tekjur Other income	745	645	100
2. Gjöld alls Operating expenses	21.300	14.763	6.538
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	6.143	4.240	1.902
2.2 Önnur laun Other wages	1.607	–	1.607
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	1.274	997	277
2.4 Olíur Oil	1.717	490	1.227
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	1.002	860	141
2.6 Viðhald Maintenance and repair	1.255	754	501
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost			
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	281	216	65
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	84	58	25
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	519	258	260
2.11 Tryggingar Insurance	241	81	160
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	198	121	77
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	257	228	29
2.14 Önnur gjöld Other expenses	6.724	6.460	264
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	4.803	3.197	1.606
Share of capital, gross	18,4	17,8	19,7
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	1.029	712	317
4. Afskriftir Depreciation			
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	5.334	4.538	795
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	-1.560	-2.054	494
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	-6,0	-11,4	6,1
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.037	661	376
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	3.766	2.536	1.230
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	14,4	14,1	15,1

Skýringar Notes: Hér eru talðar veiðar allra báta >10 -30 bt. og báta >30-200 bt. Included here are all fishing of small boats >10 -30 GT and boats >30-200 GT

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 bt. og báta>30-200 bt. 2020 (frh)

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2020 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals Bátar >10-200 <i>Total Boats >10-200</i>	Bátar >10-30 bt. <i>Boats >10-30 GT</i>	Bátar >30-200 bt. <i>Boats >30-200 GT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	240	189	51
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	31	17	17
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	14	12	12
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	278	260	188
Meðalsmíðaaár <i>Fleet – Building year</i>	1995	1998	1991
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) <i>Insurance value (million ISK)</i>	8.686	5.537	3.149
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	63,6	46,5	17,2
Ýsa <i>Haddock</i>	15,4	9,8	5,6
Ufsi <i>Saithe</i>	1,8	0,0	1,8
Karfi <i>Redfish</i>	0,7	–	0,7
Humar <i>Lobster</i>	0,0	–	0,0
Rækja <i>Shrimp</i>	0,9	–	0,9
Síld <i>Herring</i>	–	–	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	–	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	–	–	–
Makrill <i>Mackerel</i>	0,0	–	0,0
Annað <i>Other</i>	14,4	12,6	1,9
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	18.040	11.804	6.236
Ýsa <i>Haddock</i>	4.027	2.444	1.584
Ufsi <i>Saithe</i>	192	91	101
Karfi <i>Redfish</i>	178	107	71
Humar <i>Lobster</i>	9	–	9
Rækja <i>Shrimp</i>	228	–	228
Síld <i>Herring</i>	-	-	-
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	-	-	-
Loðna <i>Capelin</i>	-	-	-
Kolmunni <i>Blue withing</i>	-	-	-
Makrill <i>Mackerel</i>	1	-	1
Annað <i>Other</i>	2.683	1.854	829

Hagtíðindi Sjávarútvegur
Statistical Series *Fisheries*

106. árg. • 8. tbl.

15. desember 2021

ISSN 1670-4770

Umsjón *Supervision*

Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is

Aron Leifsson • aron.leifsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.